

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

TILLAGA AÐ ÁLYKTUN UM NÁM Í FRAMHALDSSKÓLUM

Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara haldinn 26.-27. apríl 2018 minnir á að Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur ríkari skyldur við framhaldsskólastigið en önnur skólastig þar sem framhaldsskólinn er alfarið í fjármagnaður af ríkinu. Með lagasetningu um framhaldsskólastigið fyrir tíu árum og nýrri aðalnámskrá árið 2011 voru tekin mikilvæg skref og hagsmunir nemenda varðandi þroska, farsæld og menntun settir í forgrunn. Þó er enn óljóst um framkvæmd ýmissa ákvæða laganna sem fela í sér ávinning fyrir nemendur svo sem ákvæði um vinnustaðanám, heilsuvernd, hollustuhætti, forvarnir, námsgögn og mat á skólastarfi. Aðalfundurinn gagnrýnir hversu hægt gengur að efna lögin og undirstrikar nauðsyn þess að nemendur fái lögfasta réttarbót.

Aðalfundurinn leggur áherslu á að allir nemendur í framhaldsskólum eiga rétt á menntun við hæfi hvers og eins, óháð efnahag, búsetu, aðstæðum og uppruna. Brýnt er að tryggja að markmið um menntun og farsæld nemenda nái fram að ganga og setja þarf styrkan umbúnað um skólastarfið. Allir nemendur skulu njóta kennslu, ráðgjafar og stjórnunar starfsfólks með tilskilda menntun í öruggu og hvetjandi námsumhverfi. Grundvallaratriði er að Alþingi og stjórnvöld tryggi skólum fjárveitingar til að skipuleggja skólastarf í samræmi við stefnu um skóla og menntun fyrir alla nemendur.

Ennfremur leggur FF áherslu á aukið framboð á vönduðu og fjölbreyttu náms- og kennsluefni á íslensku sem styður við starf kennara og þróun náms og kennslu. Miklu skiptir að náms- og kennsluefni verði nemendum að kostnaðarlausu til loka framhaldsskóla til að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag og aðstæðum. Þá þarf að bæta og jafna aðgengi nemenda og kennara að tækjakosti og tæknibúnaði og tryggja skólum fjármuni til kaupa á hug- og tæknibúnaði í samræmi við nútímakröfur sem gerðar eru til menntunar og skólastarfs.

Þá skorar aðalfundur FF á Alþingi og stjórnvöld að standa við skuldbindingar um menntun og farsæld nemenda með annað móðurmál en íslensku samkvæmt alþjóðasáttmálum sem Ísland hefur undirgengist. Verði það gert með því að jafna lagalega stöðu barna og ungmenna og rétt þeirra til menntunar, stuðnings og annarrar þjónustu, tryggja nemendum upplýsingar og ráðgjöf og byggja upp miðlægan stuðning við kennara og skóla. Þá þarf að tryggja að í menntun allra verðandi kennara sé lögð áhersla á kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku og undirbúning fyrir að starfa í fjölmenningarlegum skóla.

Aðalfundur Félags framhaldsskóla leggur áherslu á að gerð verði úttekt á innleiðingu aðalnámskrár og gæðum náms í framhaldsskólum. Ennfremur að ef að ráðist verður í endurskoðun framhaldsskólalaga og aðalnámskrár verði það gert í fullu samráði við Félag framhaldsskólakennara.

Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara gagnrýnir mennta- og menningarmálaráðuneyti fyrir hvernig þrengt hefur verið að faggreinafélögum framhaldsskólakennara. Þau hafa dregið vagninn hvað varðar gæði, stefnumótun og starfsþróun í einstökum greinum. Félag framhaldsskólakennara

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA 26. - 27. apríl 2018

hvetur Mennta- og menningarmálaráðuneytið til að hafa samvinnu við faggreinafélög framhaldsskólakennara og hafa þau með í ráðum um ákvarðanir og framkvæmd er varða einstakar greinar.

Engu að síður er skólaganga og menntun ungmenna víðtækt samvinnuverkefni margra aðila í samfélaginu. Sýna þarf skólastarfi virðingu og taka tillit til mats og tillagna þeirra sem þar starfa. Brýnt er að efla samvinnu um menntamál og skapa einhug um framtíðarsýn og stöðugleika í þróun menntamála.